

Langanesbyggð  
Gunnólfur Lárusson,  
sveitarstjóri  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500088/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði við Bakkafjörð.

Vísað er til erindis sveitarstjóra Langanesbyggðar er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði við Bakkafjörð.

Deiliskipulagssvæðið er alls 3,75 ha og skiptist niður í urðunarsvæði, námusvæði og geymslusvæði. Langanesbyggð gerir ráð fyrir að á deiliskipulagssvæðinu verði áframhaldandi rekstur urðunar-, námu- og geymslusvædis, þ.m.t. að urða áfram allt að 200 tonn af blönduðum heimilisúrgangi á ári á svæðinu. Í greinargerð kemur fram að áætlun er um að urðunarsvæðið dugi til 2029 og áætlað heildarmagn urðaðs úrgangs gæti orðið allt að 3200 tonn á tímabilinu.

### Heilsa og öryggi

Fram kemur í greinargerð að ekki sé talið að lykt berist frá urðunarstaðnum með þeim hætti að hún valdi neikvæðum áhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgst sé vel með því að ekki verði lyktarmengun frá ofangreindu urðunarsvæði þar sem vegalengd frá urðunarstað að þéttbýli er 550 m sem er nálægt lámarki sem er 500 m

### Grunnvatn, sigvatn

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að sigvatn verði vaktað svo bregðast megi við ef mengun þess fer yfir leyfileg mörk.

### Efnistaka

Malarnáma á svæðinu er deiliskipulagstillagan nær yfir hefur verið í notkun í um 20 ár. Áætlað er að hægt sé að nýta alls 14 þúsund rúmmetra frá námunni og gæti svæðið dugað í a.m.k. 20 ár. Núverandi notkun er u.p.b. 50 rúmmetrar á ári. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við efnistökuna.

Umhverfisstofnun bendir á að það er forsenda fyrir starfsleyfi urðunarstaðar að áætlun um hann sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007 – 2027 hefur ekki tekið gildi.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfraðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfraðingur

Skipulagsstofnun